

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/1188**  
**komudagur 4.3.2014**

4.3.2014283

Vísað er til meðfylgjandi beiðni nefndasviðs Alþingis um að Dómarafélag Íslands veiti umsögn um skýrslu innanríkisráðherra um skipulag og tilhögun rannsókna og saksóknar í efnahagsbrotamálum, 283. mál.

Í tilefni af téðri skýrslu telur Dómarafélag Íslands óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að á sama tíma og verulega auknum fjármunum hefur verið varið til rannsókna og saksóknar efnahagsbrota hafa fjárveitingar til dómstóla staðið í stað og í reynd verið skornar niður. Á árinu 2014 er nú gert ráð fyrir svo verulegum niðurskurði hjá héraðsdómstólum landsins að fyrirsjáanlegt er að skera þurfi niður ýmsa grunnstarfsemi, t.d. starfsmannahald og setningar dómara, komi ekki til viðbótarfjárveitingar. Hvers kyns þróunarstarf, t.d. með tilliti til aukinnar nýtingar rafrænna miðla, liggur niðri hjá dómstólum. Þá er vart hægt að tala um starfsþjálfun dómara eða endurmenntun svo heitið geti vegna skorts á fjármunum.

Dómarafélag Íslands bendir á að ekki er nægilegt að huga að rannsókn og saksókn efnahagsbrota ef þær stofnanir sem leggja eiga endanleg dóm á umrædd mál eru vanbúnar. Þótt dómurum hafi verið fjölgað tímabundið og sú fjölgun hafi verið framleng til ársloka 2014 telur félagið að skort hafi á að hugað væri nægilega að fjárhagslegum og faglegum forsendum þess að íslenskir dómstólar tækjust á við þau mál sem hér er um að ræða.

Án tillits til þess pólitíska mats sem ráðið hefur ákvörðunum stjórnvalda síðustu ár um aukið fé til rannsókna efnahagsbrota telur Dómarafélag Íslands samkvæmt þessu tilefni til þess að vekja athygli á ófullnægjandi aðbúnaði íslenskra dómstóla, meðal annars með tilliti til meðferðar efnahagsbrota fyrir dómi.

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands

---

**Skúli Magnússon**, héraðsdómari og dósent við lagadeild H.Í.  
Héraðsdómur Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg  
Símar: 560 4960, 662 6480 - Raffang: [skulimag@hi.is](mailto:skulimag@hi.is)